

Ung frjálslynd

Umsögn

Þskj. 3-3. mál

Tillaga til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar.

Ung frjálslynd vilja byrja á að taka fram að þau fagna allri umræðu varðandi málefni ofangreindrar tillögu. Við bendum hinsvegar á að Frjálslyndi flokkurinn hefur þegar lagt fram frumvörp á þingi um c) og e)-liði tillögunar.

Ung frjálslynd geta tekið undir a)-lið tillögunar um að bundið verði í stjórnarskrá ákvæði um eignarrétt þjóðarinnar á hennar eigin verðmætum.

Varðandi b)-lið þá telja Ung frjálslynd það gríðarlega varasamt að setja í stjórnarskrá ákvæði sem heimilar að fullveldi þjóðarinnar sé framselt hingað og þangað um heiminn. Ekkert er hinsvegar sjálfsagðara en að ríkisvaldið geri alla þá alþjóðasamninga sem það telur varða þjóðarhagsmunum og fylgi þeim skyldum sem því ber. Framsal fullveldisins til alþjóðlegra samtaka eða stofnanna teljum við þó bæði óhagkvæmt og ónauðsynlegt. Það hlýtur auk þess að vera vilji þjóðarinnar að eiga endanlegt vald yfir eigin hagsmunum. Ung frjálslynd vilja taka það fram að þau styðja allar umleitanir ríkisvaldsins til að eiga í alþjóðasamstarfi en ítrekar að lokasvar í öllum málum eigi að liggja hjá íslensku þjóðinni.

Frjálslyndi flokkurinn hefur þegar lagt fram frumvarp um að landið verði gert að einu kjördæmi og styður ungliðahreyfingin heilshugar að svo megi verða.

Ung frjálslynd samþykkja að sjálfsgöðu þá hugmynd að þjóðin eigi rétt á að kjósa um einstök mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hinsvegar bendum við á 26. grein stjórnarskrárinnar þar sem slíkt ákvæði er þegar til staðar og því óþarfi að endurtaka það.

Allri umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju er fagnað að hálfu Ungra frjálslyndra. Við viljum þó benda á að enn er langt í að afleiðingar aðskilnaðar séu að fullu þekktar og viljum við því ítreka að meiri og nákvæmari umræðu sé þörf áður en ákvörðun er tekin.

Að sjálfsgöðu fögnum við að allra leiða sé leitað til að auka réttindi og áhrif einstaklinga en teljum að slíkt eigi alltaf að vera í deiglu, ekki aðeins í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar.

Virðingafyllst,
f.h. Ungra frjálslyndra,

Hallur Hróarsson og Kristbjörn H. Björnsson